

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnuáttalastofnunar – Nóvember 2022

Skráð atvinnuleysi í nóvember var 3,3%

Athugasemd: Um miðjan maí tók Vinnuáttalastofnun upp nýtt tölvukerfi fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Við breytingarnar var gögnum úr eldri gagnagrunni varpað yfir í nýjan gagnagrunn og er uppbygging hans töluvert frábrugðin því sem áður var. Þar sem enn er verið að aðlaga alla tölfraedi að nýju kerfi ber að túlka gögnin í skýrslunni með fyrirvara.

Komið hefur í ljós að í tölfraedinni frá júní til október 2022 er vantallinn fjöldi atvinnulausra. Tölur frá júní 2022 til október hafa verið leiðréttar og verða síðar birtar í itarefni um tölfraedi sem er að finna á heimasíðu Vinnuáttalastofnunar. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá leiðrétt atvinnuleysi mánuðina júní til október 2022 „þróun atvinnuleysis nóvember 2020 til nóvember 2022“.

Meðalatvinnuleysi ársins 2022 mun eftir sem áður lítið breytast miðað við fyrri spár og verða um eða innan við 4,0%.


Atvinnuleysi er lítið um þessar mundir. Skráð atvinnuleysi var 3,3% í nóvember og var óbreytt frá október. Að meðaltali voru 6.184 atvinnulausir í nóvember, 3.433 karlar og 2.751 kona. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 51 frá októbermánuði.

Í nóvember 2021 var atvinnuleysið á landinu öllu hins vegar 4,9% og er því atvinnuleysið 1,6 prósentustigum minna nú í nóvember en í nóvember 2021.

Síðast var atvinnuleysi hvað varðar einungis nóvembermánuð lægra fyrir fjórum árum eða í nóvembermánuði 2018 þegar það mældist 2,5%.

Alls komu inn 235 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnuáttalastofnun í nóvember. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 152 störf, önnur teljast almenn störf.

Þróun atvinnuleysis nóv. 2020 til nóv. 2022



Áhrifa árstíðasveiflu gætir yfirleitt meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu þegar líður á haustið þannig jókst atvinnuleysi á landsbyggðinni um 0,3 prósentustig frá október en minnkaði um 0,1 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er atvinnuleysi meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni (3,4% á höfuðborgarsvæðinu og 3,1% á landsbyggðinni).

Alls voru 3.052 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok nóvember og var atvinnuleysi þeirra áætlað um 6,8%.

Í nóvember 2022 gaf Vinnumálastofnun út 379 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 335 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 227 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 152 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 44 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í nóvember 2022 með samtals 262 starfsmenn.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi í desember gæti orðið á bilinu 3,2% til 3,4%.


Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 5,7% og jókst um 0,1 prósentustig frá október. Hins vegar var atvinnuleysið á Suðurnesjum 9,5% í nóvember 2021. Næst mest var atvinnuleysið 3,4% á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi jókst í öllum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,3%, á Vesturlandi 1,9%, á Vestfjörðum 2,0% og á Austurlandi 2,1%. Á Norðurlandi eystra mældist atvinnuleysið 2,9% í nóvember.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í október og nóvember.


Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum, á Vestfjörðum þar sem það var 2,2% meðal karla og 1,7% meðal kvenna, á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,7% og atvinnuleysi kvenna 0,7%. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi karla og kvenna jafnt eða 3,4% og á Austurlandi var það einnig jafnt eða 2,1%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í nóvember.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum




Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1.144 í lok nóvember. Í lok nóvember 2021 var þessi fjöldi hins vegar 1.807.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.052 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok nóvember. Þessi fjöldi samsvarar um 6,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var um 46% í nóvember. Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.515 sem er um 50% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok nóv. 2022



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.579 í lok nóvember, 3.579 karlar og 3.000 konur og fjölgaði atvinnulausum körlum um 32 frá októberlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 10.

Alls voru 565 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok nóvember. Í nóvember 2021 var fjöldi atvinnulausra á þessum aldri hins vegar 992.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.286 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok nóvember. Hins vegar voru þeir 4.083 í nóvemberlok 2021.

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleyfi


Atvinnuleyfi

Í nóvember 2022 gaf Vinnumálastofnun út 379 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 335 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 227 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 152 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í nóvember, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérstakra ástæðna eða 138 leyfi. Þá voru gefin út 89 sérfræðileyfi og 58 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í nóvember voru flest leyfi gefin út

vegna sérfræðistarfa eða 36%, 29% vegna starfa verkafólks og 18% vegna þjónustustarfa. Um 17% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í nóvember



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 44 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í nóvember 2022 með samtals 262 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 754 í nóvember á vegum 20 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 50%, 20% frá Lettlandi og 14% frá Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 16% starfsmanna komu frá 11 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í nóvember 2022 voru gefin út 94 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 63 einstaklingar, sex fóru til Slóvakíu og fjórir fóru til bæði Litháen og Spánnar. Þá voru gefin út 17 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, nóvember 2022




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í nóvember

Alls komu inn 235 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvember. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 152 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 68% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu og 9% eru á Suðurlandi. Þá eru 23% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi og fara af skrá í allt að sex mánuði

á meðan á úrræðinu stendur. Í nóvember voru 463 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 18 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 320 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra